

Ed.

735. Breytingartillögur

[190. mál]

við frv. til l. um heimild til lántöku, ábyrgðarheimildir og aðrar ráðstafanir vegna fjárfestingar- og lánsfjáráætlunar 1979.

Frá Þorv. Garðari Kristjánssyni.

1. Ný grein komi eftir 4. gr., er verði 5. gr. og orðist svo:

Heimild er til lántöku vegna jarðhitaleitar samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 100 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.

2. Við 5. gr. (er verði 6. gr.). Í stað „alls 1 345 millj. kr.“ í 2. tl. komi: alls 2 015 millj. kr.

3. Ný grein komi eftir 5. gr. (er verði 6. gr.) er verði 7. gr. og orðist svo:

Heimild er til lántöku vegna rafvæðingar sem hér segir:

1. Lán til sveitarafvæðingar samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 300 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
2. Lán til styrkingar rafdreifikerfi í sveitum samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 780 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.
3. Lán til lagningar aðalháspennulína rafmagns samkvæmt síðari ákvörðun ráðherra um lántökuaðila, alls 1 000 millj. kr. eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í erlendri mynt.